DV

# Laugardagur 8. apríl



SJÓNVARPIÐ

11.00 **Fræðsluvarp – Endursýning.** Grænhöfðaeyjar (40 mín.),Bakþankar(11 mín.), Alles Gute(15 mín.), Ljós, taka, Afríka (52 mín.), Alles Gute (15 mín.).
14.00 **Íþróttaþátturinn.** Umsjón Bjarni Felixson.
18.00 **Íkorninn Brúskur (17).** Teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Leikraddir Aðalsteinn Bergdal. Þýðandi Veturliði Guðnason.
18.30 **Smellir.** Úlfar Snær Arnarson fjallar um þungarokkshljómsveitina Van Halen.
18.55 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Á framabraut** (Fame). Bandarískur myndaflokkur. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Lottó.**
20.35 **'89 á stöðinni.** Spaugstofumenn fást við fréttir líðandi stundar. Leikstjóri Karl Ágúst Úlfsson.
20.50 **Fyrirmyndarfaðir.** (Cosby Show). Bandarískur gamanmyndaflokkur um fyrirmyndarföðurinn Cliff Huxtable og fjölskyldu hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
21.15 **Maður vikunnar.**
21.35 **Skytturnar fjórar.** (The Four Musketeers). Bandarísk kvikmynd frá 1975. Leikstjóri Richard Lester. Aðalhlutverk Oliver Reed, Raquel Welch, Richard Chamberlain, Michael York, Christopher Lee, Geraldine Chaplin, Faye Dunaway og Charlton Heston. Framhald myndarinnar um skytturnar þrjár og fjallar um baráttu D'Artagnan og félaga hans við Rochefort. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
23.20 **Grammy verðlaunin 1989.** (The 31th Annual Grammy Award). Þann 22. feb. 1989 fór fram í Los Angeles árleg verðlaunaafhending fyrir tónlist, svokölluð Grammy verðlaun. Meðal þeirra sem þarna komu fram voru Witney Huston, Tracy Chapman, Manhattan Transfer, Linda Ronstadt, Lyle Lovett, Leontyne Price, Dizzy Gillespie og Sarah Vaughan. Kynnir er Billy Crystal. Þýðandi Stefán Jökulsson.
01.50 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

STÖÐ-2

8.00 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd.
8.25 **Jógi Yogi's Treasure Hunt.** Teiknimynd. Worldvision.
8.45 **Jakari.** Teiknimynd með íslensku tali. Leikraddir: Júlíus Brjánsson.
8.50 **Rasmus klumpur.** Petzi. Teiknimynd með íslensku tali. Þýðandi: Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir. Leikraddir: Elfa Gísladóttir, Guðrún Þórðardóttir og Júlíus Brjánsson.
9.00 **Með Afa.** Afi og Pási vinur hans eru alltaf morgunhressir. Afi ætlar að sýna látbragðsleik, syngja og segja skemmtilegar sögur og sýna ykkur teiknimyndirnar Skeljavík, Litli töframaðurinn, Skófólkið, Glóálfarnir, Snorkarnir, Popparnir, Tao Tao og margt fleira. Myndirnar eru allar með íslensku tali. Leikraddir: Árni Pétur Guðjónsson, Elfa Gísladóttir, Eyþór Árnason, Guðmundur Ólafsson, Guðrún Þórðardóttir, Helga Jónsdóttir, Randver Þorláksson og Saga Jónsdóttir. Umsjón: Guðrún Þórðardóttir.
10.35 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
11.00 **Klementína.** Teiknimynd með íslensku tali um litlu stúlkuna Klementínu sem lendir í hinum ótrúlegustu ævintýrum.
11.30 **Fálkaeyjan.** Ævintýramynd í 13 hlutum fyrir börn og unglinga. 5. hluti.
12.00 **Pepsí popp.** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt frá því í gær.
12.50 **1941.** Gamanmynd eftir Steven Spielberg sem gerist í lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Aðalhlutverk: Dan Akroyd, Ned Betty, John Belushi, Christopher Lee, Toshiro Mifune. Leikstjóri: Steven Spielberg. Framleiðandi: John Milius. Columbia 1979. Sýningartími 115 mín. Lokasýning.
14.40 **Ættarveldið** Dynasty. Lífsmynstur Carrington fjölskyldunnar er litríkt að vanda. Þýðandi: Snjólaug Bragadóttir. 20th Century Fox.
15.30 **Örlagadagar** Pearl. Lokaþáttur. Aðalhlutverk: Angie Dickinson, Dennis Weaver og Robert Wagner. Leikstjóri: Hy Averback. Framleiðandi: Sam Manners. Þýðandi: Ágústa Axelsdóttir. Warner 1978.
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður litið yfir íþróttir helgarinnar og úrslit dagsins kynnt. Sýnt verður frá stórmóti í keilu sem fram fór í Keilulandi í Garðabæ fyrr um daginn, o.fl. skemmtilegt. Umsjón: Heimir Karlsson.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.30 **Laugardagur til lukku.** Lukkuhjólið snýst nú norður á Akureyri. Gestir þáttarins eru að norðan. Kynnir: Magnús Axelsson. Stjórn upptöku: Gunnlaugur Jónasson.
21.30 **Steini og Olli.** Laurel and Hardy. Þeir félagarnir fara á kostum. Aðalhlutverk: Stan Laurel og Oliver Hardy. Framleiðandi: Hal Roach.
21.50 **Draumar geta ræst. Sam's Son.** Myndin byggir á uppvaxtarárum leikarans Michael Landon í New Jersey á sjötta áratugnum. Aðalhlutverk: Eli Wallach, Anne Jackson og Timothy Patrick Murphy. Leikstjóri: Michael Landon. Framleiðandi: Kevin O'Sullivan. Worldvision. Sýningartími 95 mín. Aukasýning 22. maí.
23.25 **Magnum P.I.** Vinsæll spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Tom Selleck.
0.15 **Furðusögur II** Amazing Stories II. Aðalhlutverk: Lukas Haas, Gregory Hines, Danny DeVito, o.fl. Leikstjórar: Steven Spielberg, Peter Hyams og Danny DeVito. Framleiðandi: Steven Spielberg. Sýningartími 70 mín. Aukasýning 19. maí. Ekki við hæfi barna.
1.25 **Leikið tveimur skjöldum.** Little Drummer Girl. Mynd sem byggð er á sögu hins fræga rithöfundar John Le Carré. Aðalhlutverk: Diane Keaton, Klaus Kinski og Yorgo Voyagis. Leikstjóri: George Roy Hill. Framleiðandi: Patrick Kelly. Sýningartími 125 mín. Alls ekki við hæfi barna.
3.30 **Dagskrárlok.**


HREINSIÐ LJÓSKERIN REGLULEGA.




DRÖGUM ÚR HRAÐA!

UMFERÐAR RÁÐ



HJÓLBARÐAR

þurfa að vera með góðu mynstri allt árið. Slitnir hjólbarðar hafa mun minna veggrip og geta verið hættulegir – ekki síst í hálku og bleytu.

DRÖGUM ÚR HRAÐA!

UMFERÐAR RÁÐ




Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn. Séra Yrsa Þórðardóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **„Góðan dag,** góðir hlustendur". Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn –** „Agnarögn" eftir Pál H. Jónsson. Heimir Pálsson, Hildur Heimisdóttir og höfundur ljúka lestrinum. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir leitar svara við fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Ríkisútvarpsins.
9.30 **Fréttir og þingmál.** Innlent fréttayfirlit vikunnar og þingmálaþáttur endurtekinn frá kvöldinu áður.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Sígildir morguntónar.** Þrjár nóvelettur fyrir píanó eftir Francis Poulenc. James Galway leikur á flautu. Vals í a-moll op. 34 nr. 2 eftir Frederic Chopin. Svíta fyrir hljómsveit eftir Jan Wölner. (Af hljómplötum og -diskum.)
11.00 **Tilkynningar.**
11.03 **Í liðinni viku.** Atburðir vikunnar á innlendum og erlendum vettvangi vegnir og metnir. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson.
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin.
14.00 **Tilkynningar.**
14.02 **Sinna.** Þáttur um listir og menningarmál. Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
15.00 **Tónspegill.** Þáttur um tónlist og tónmenntir á líðandi stund. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Íslenskt mál.** Guðrún Kvaran flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudag kl. 15.45.)
16.30 **Laugardagsútkall.** Þáttur í umsjá Arnar Inga sendur út beint frá Akureyri.
17.30 **Stúdíó 11.** Nýlegar hljóðritanir Útvarpsins kynntar og rætt við þá listamenn sem hlut eiga að máli. „Impromptu" eftir Áskel Másson. „Fantasea" eftir Misti Þorkelsdóttur. Umsjón: Sigurður Einarsson.
18.00 **Gagn og gaman.** Anna Ingólfsdóttir segir sögu tónskáldsins Edvards Grieg og leikur tónlist hans. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Dagskrá kvöldsins.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Hvað skal segja?** Umsjón: Ólafur Þórðarson.
20.00 **Litli barnatíminn –** „Agnarögn" eftir Pál H. Jónsson. Heimir Pálsson, Hildur Heimisdóttir og höfundur ljúka lestrinum. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Vísur og þjóðlög.**
20.45 **Gestastofan.** Hilda Torfadóttir ræðir við Þuríði Baldursdóttur söngkonu. (Frá Akureyri.)
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Halldór Vilhelmsson syngur Biblíuljóð op. 99 nr. 1 - 10 eftir Antonin Dvorak. Gústaf Jóhannesson leikur með á píanó. (Hljóðritun Útvarpsins.)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Dansað með harmoníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Nær dregur miðnætti.** Kvöldskemmtun Útvarpsins á laugardagskvöldi. Stjórnandi: Hanna G. Sigurðardóttir.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** Béla Bartók með píanói og hljómsveit. Jón Örn Marinósson kynnir.
1.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

RÁS 2 FM 90,1

3.00 **Vökulögin.**
8.10 **Á nýjum degi.** Þorbjörg Þórisdóttir gluggar í helgarblöðin og leikur bandaríska sveitatónlist.
10.05 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Dagbók Þorsteins Joð.** - Þorsteinn J. Vilhjálmsson.
15.00 **Laugardagspósturinn.** Skúli Helgason sér um þáttinn.
17.00 **Fyrirmyndarfólk.** Lísa Pálsdóttir tekur á móti gestum og bregður lögum á fóninn.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Kvöldtónar.** Tónlist af ýmsu tagi.
22.07 **Út á lífið.** Lára Marteinsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir rabbar við Magnús Ólafsson sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi.)
3.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Samtengdar rásir Bylgjunnar og Stjörnunnar.** Umsjón Páll Þorsteinsson og Þorgeir Ástvaldsson.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.**
14.00 **Gunnlaugur Helgason.**
19.00 **Samtengdar rásir Bylgjunnar og Stjörnunnar.**
22.00 **Darri Ólason** mættur á næturvaktina. Hann er maðurinn sem svarar í síma 681900 og tekur við kveðjum og óskalögum. Darri er ykkar maður.
4.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum.

**Hljóðbylgjan**

**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

9.00 **Kjartan Pálmarsson** er fyrstur á fætur á laugardögum og spilar tónlist fyrir alla, alls staðar.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Axel Axelsson** með tónlist við þitt hæfi.
15.00 **Fettur og brettur.** Íþróttatengdur þáttur í umsjá Einars Brynjólfssonar og Snorra Sturlusonar. Farið verður yfir helstu íþróttaviðburði vikunnar svo og helgarinnar og enska knattspyrnan skipar sinn sess í þættinum.
18.00 **Topp tíu.** Bragi Guðmundsson leikur tíu vinsælustu lögin á Hljóðbylgjunni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Þráinn Brjánsson** og laugardagskvöld sem ekki klikkar.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Stuð, stuð, stuð.
4.00 **Ókynnt tónlist til morguns.**

ALFA FM-102,9

17.00 **Vinsældaval Alfa.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
19.00 **Alfa með erindi til þín,** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
22.30 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon. (Endurtekið næsta föstudagskvöld).
00.30 **Dagskrárlok.**

Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Plötusafnið mitt.** Steinar Viktorsson leyfir fleirum að njóta ágæts plötusafns.
12.00 **Poppmessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
14.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
16.00 **Samtök kvenna á vinnumarkaði.**
17.00 **Í Miðnesheiðni.** Samtök herstöðvaandstæðinga.
18.00 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
18.30 **Frá vímu til veruleika.** Krýsuvíkursamtökin.
19.00 **Ferill og „Fan".** Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera uppáhaldshljómsveit sinni góð skil.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Láru o.fl.
21.00 **Síbyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt** til morguns með Steinari K. og Reyni Smára. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MS.**
14.00 **MH.**
16.00 **IR.**
18.00 **KV.**
20.00 **FB.**
22.00 **FÁ.**
24.00 **Næturvakt Útrásar. Óskalög, kveðjur og góð tónlist. Sími 680288.**
04.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp Rót kl. 14.00:

# Heræfingar

Í þættinum Af vettvangi baráttunnar á Rótinni í dag verður meðal annars fjallað um heræfingarnar sem boðaðar hafa verið hér á landi í sumar. Reynt verður með sérfræðilegri aðstoð að svara því hvers konar æfingar sé um að ræða og hvert sé markmið þeirra.

Aðrar spurningar, sem svara verður leitað við, eru einnig um herstöðina. Miklar herstöðvaframkvæmdir hafa verið hér á landi undanfarin ár en hver eru markmið þeirra? Hver er staða Íslands í vígbúnaðarkapphlaupinu?

Einnig verður haldið áfram endurflutningi á viðtalsþáttum Einars Ólafssonar við Brynjólf Bjarnason. -JJ

## Sjónvarp kl. 21.35:

# Skytturnar fjórar

Þessi kvikmynd er óbeint framhald myndarinnar um skytturnar þrjár. Sömu aðalpersónurnar eru hér enn á sveimi og skora menn á hólm í þeim tilgangi að verja heiður sinn og fagurra kvenna.



**Raquel Welch leikur vinkonu Artagnans en hann fer fyrir skyttuhópnum.**

Myndirnar eru byggðar á sögum Alexanders Dumas eldri (1802–1870). Sögur sínar byggði hann á endurminningum d'Artagnans sem uppi var á 17. öld. Artagnan og vinir hans, Porthos hinn stóri, greindi Aramis og þunglyndi Athos, urðu strax einhverjar vinsælustu persónur bókmenntasögunnar. Í gegnum aldirnar hafa flestir alist upp við lestur bóka Dumas um skytturnar og Greifann af Monte Christo en hana skrifaði Dumas í kjölfar útkomu bókanna um skytturnar.

Myndin Skytturnar fjórar var kvikmynduð um leið og Skytturnar þrjár. Sömu leikarar eru í aðalhlutverkum, Michael York, Oliver Reed, Richard Chamberlain og Raquel Welch. Kvikmyndahandbókin gefur myndinni ** stjörnur og hrósar fjörinu og gamanseminni. -JJ

## Rás 1 kl. 17.30:

# Stúdíó 11

Þátturinn Studió 11 dregur nafn sitt af hljóðveri með þessu númeri í Útvarpshúsinu í Efstaleiti, sem er eingöngu ætlað fyrir tónlistarupptökur.

Á hverju ári lætur Ríkisútvarpið hljóðrita mikið af tónlist, íslenskri og erlendri, en þó oftast í flutningi innlendra hljóðfæraleikara. Þessi tónlist er síðan leikin á ýmsum tímum í dagskránni en frumflutningur fer yfirleitt fram í sérstökum dagskrárliðum.

Ríkisútvarpið hljóðritar einnig mikið af tónlist í Háskólabíói, aðallega með Sinfóníuhljómsveit Íslands, bæði tónleika og vandaðar stúdíóupptökur. Í þættinum verða leikin verkin „Impromtu" eftir Áskel Másson og „Fantasea" eftir Mist Þorkelsdóttur. Tónverkin tók Ríkisútvarpið upp í Háskólabíói á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Auk þess verður rætt við höfunda varkanna, Mist og Áskel. -JJ

## Stöð 2 kl. 21.50:

# Draumar geta ræst

Sjónvarpsstjarnan Michael Landon, sem við þekkjum úr Gunsmoke og Húsinu á sléttunni, þreytir hér frumraun sína sem leikstjóri. Myndin er byggð á ævi hans sjálfs og lýsir því hvernig fátækur strákur frá New York gerist vinsæll sjónvarpsleikari.



**Michael Landon æfði spjótkast af miklu kappi, varð háskólameistari og hlaut námsstyrk í Kaliforníu.**

Í upphafi myndarinnar er Eugene Orowitz, en það er skírnarnafn Michael Landon, ósköp venjulegur framhaldsskólanemi. Hann er skotinn í Bonnie eins og svo margir aðrir skólafélagar hans. Vonbrigði hans verða hins vegar mikil þegar Bonnie tekur upp fast samband við fótboltastjörnu skólans. Hann leitar stuðnings hjá vinkonu sinni, Cathy, en henni finnst miður hversu lítinn áhuga hann sýnir henni. Faðir Michaels er kvikmyndahúsaeigandi á miðjum aldri sem átti sér marga óuppfyllta drauma.

Strákur ákveður að gera eitthvað í sínum málum til að forðast sömu örlög og faðirinn. Hann æfir spjótkast af miklu kappi, verður háskólameistari og hlýtur námsstyrk í háskóla í Kaliforníu. Hér fara hjólin loks að snúast hjá Michael og brátt verður hann eftirsóttur sjónvarpsleikari.

Timothy Patrick Murphy leikur Michael Landon en Eli Wallach föðurinn. Kvikmyndahandbók Maltins gefur myndinni ** og hrósar sérstaklega leik Eli Wallach. -JJ